

Aðalfundur Foreldrafélags Núps - Fundargerð

Staður: Matsalurinn í leikskólanum Núpi

Dagsetning: 29. september 2021

Tími: 20:30

Fundarritari: Auður

Mæting: Stjórnarmeðlimir voru Halldóra, Auður og Ester Ósk. Svana leikskólastjóri og Eva Sif aðstoðarleikskólastjóri. Þórhalla skoðunarmaður reikninga og þrír aðrir foreldrar.

Fráfarandi formaður foreldrafélagsins fer yfir dagskrá aðalfundar sem er svo hljóðandi; skýrsla stjórnar, reikningar félagsins, kosning nýrrar stjórnar, kosning skoðunarmanna reikninga, ákvörðun um árgjald, umræður um komandi vetur og að lokum kynnti Svana foreldraráð.

Byrjað var að fara yfir dagskrá fundar og fyrri stjórn kynnt. Farið var yfir helstu viðburði síðasta árs og helstu verkefni stjórnar. Viðburðir á haustönn voru jólasveinaheimsókn í garð leikskólans að þessu sinni komu þeir því ekki á jólaballið inn í leikskólanum. Jólasveinarnir gáfu börnunum lukkupakka sem samanstóð af allskonar skemmtilegu fyrir börnin t.d. litir, litabók og kúluspil. Jólaleikritið „Pönnukakan hennar Grýlu“ var flutt í leikskólanum í aðdraganda jólanna. Foreldrafélagið sendi foreldrum/forráðamönnum rafræn jóla-föndurhefti eftir sérkennarann Hlín Magnúsdóttur. Á starfsdegi leikskólans þann 19. nóvember var boðið starfsfólki uppá morgunverð frá Pure Deli. Nýtt ár hjá foreldrafélaginu fór hægt af stað vegna Covid. Viðburðir á vorönn voru 3 vikna danskennsla hjá Dagnýju danskennara, Eiríkur ljósmyndari kom og myndaði börnin og Krakkahestar komu í heimsókn. Krakkahestar var glænýr viðburður og vakti mikla lukku. Fyrst var kynning á hestunum og útbúnaðinum og svo fengu allir að fara á bak. Fréttabréf var sent til foreldra/forráðamanna sem innihélt upplýsingar um atburði ársins á vegum foreldrafélagsins.

Vegna veikinda gjaldkera fór formaður yfir rekstrarreikning frá síðasta skólaári og ekkert sem kom á óvart þar. Jólagjafirnar voru óvenju dýrar sl. ár þar sem lítið var um viðburði á komandi ári. Dansinn var eins og áður kostnaðarsamastur en Krakkahestar voru einnig stór kostnaðarliður.

Óskað var eftir framboðum í stjórn Foreldrafélagsins fyrir árið 2021-2022.

Áfram í stjórn eru: Kristín Fanney (börn á Höfða og Brekku), Ester Ósk (börn á Brekku og Þúfu), Auður (barn á Höfða)

Nýir stjórnarmeðlimir eru: Unnur Kristín brynjólfsdóttir (barn á Þúfu), Marteinn Þór Pálmason (barn á Lundi) og Ásta Karen Magnúsdóttir (barn á Brekku).

Þórhalla Rein verður áfram skoðunarmaður reikninga.

Stjórn lagði til óbreytt fyrirkomulag á árgjaldinu, 5.900 kr. Á fjölskyldu/heimili. Allir á fundinum samþykktu það.

Næst voru umræður um komandi vetur. Svana sagði að það hafi tíðkast að ljósmyndari komi annað hvert ár og hún leggur til að það verði aftur annað hvert en ekki á hverju ári þar sem mikil röskun verður á skólasterfi þegar hann kemur í hús. Það kom umræða um hvort einhver hefði tengsl við tónlistarfólk eða annað sem gaman væri að gera fyrir börnin, Þórhalla þekkir Margréti Arnardóttur harmonikkuleikara. Ásta Karen þekkir Úlfur Úlfur hljómsveitina. Marteinn er tannlæknir og það var rædd tannverndarvika, þá veit Svana af honum ef hún vill leita til hans með eitthvað nýtt.

Að lokum kynnir Svana foreldraráð og segir það vera skylduráð í leikskólum. Ráðið tekur þátt í meiriháttar breytingum sem varða skólann eða skólastarfið almennt. Það er fullmannað í ráðið í ár af foreldrum og engar breytingar þar á.

Fyrsti fundur foreldrafélagsins er á dagskrá eftir tvær vikur.

Fundislitið 21:17